

## SIÐAREGLUR

### kjörinna fulltrúa Dalvíkurbyggðar

#### Markmið og gildissvið

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni og viðmót sem kjörnum fulltrúa ber og þeir vilja sýna af sér við störf sín á vegum Dalvíkurbyggðar. Gildi Dalvíkurbyggðar um virðingu, metnað og jákvæðni eru hluti af markmiðum þessara siðareglna. Með kjörnum fulltrúum er átt við sveitarstjórnarfulltrúa sem og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum á vegum Dalvíkurbyggðar.

#### Starfsskyldur

Kjörnir fulltrúar Dalvíkurbyggðar gegna störfum sínum af ábyrgð, alúð og samviskusemi, fyrir opnum tjöldum, og gæta hagsmuna Dalvíkurbyggðar og almannahagsmuna. Í störfum sínum eru kjörnir fulltrúar bundnir af lögum, reglum, samþykktum Dalvíkurbyggðar sem og sannfæringu sinni. Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnýslu í störfum sínum og leitast við að framkvæma ekkert það sem getur dregið úr trausti á þeim ákvörðunum sem teknar eru. Kjörnum fulltrúum ber að vera reiðubúnir að axla ábyrgð á ákvörðunum sínum og rökstyðja þær. Kjörnir fulltrúar forðast að hafast nokkuð það að sem er þeim til vanvirðu og álitshnekkis eða sem getur dregið úr trausti á þeim störfum sem þeir sinna fyrir Dalvíkurbyggð. Kjörnir fulltrúar gæta þess að beita ekki valdheimildum sínum til að veita sjálfum sér persónulegan ávinning, á beinan eða óbeinan hátt, eða veita einstaklingi eða öðrum ávinning í því skyni að geta notið á beinan eða óbeinan hátt persónulegra hagsbóta af því. Kjörnir fulltrúar Dalvíkurbyggðar upplýsa íbúa Dalvíkurbyggðar um framkvæmd starfa sinna og atriði sem skipta máli í rekstri sveitarfélagsins eins og kostur er. Þeir eru ávallt reiðubúnir að axla ábyrgð á störfum sínum.

#### Valdmörk og eftirlit

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Dalvíkurbyggðar. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins virðingu. Kjörnir fulltrúar virða aðgerðir í þágu stjórnýslueftirlits hjá Dalvíkurbyggð og leggja sitt af mörkum til að slíkt eftirlit nái markmiðum sínum.

#### Hagsmunaárekstrar og hæfi

Kjörnir fulltrúar forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og vekja athygli á því ef hætta er á slíkum árekstrum. Þegar kjörinn fulltrúi á óbeinna eða beinna persónulegra hagsmuna að gæta í máli sem er til umfjöllunar, skal hann gera grein fyrir þeim hagsmunum áður en umræður,

atkvæðagreiðslur eða embættisfærslur fara fram. Um mat á hæfi við afgreiðslu einstakra mála og málsmeðferð fer eftir sveitarstjórnarlögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Dalvíkurbyggðar. Kjörnir fulltrúar nýta ekki stöðu sína né óopinberar upplýsingar í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Dalvíkurbyggð lýkur.

### **Ábyrgð í fjármálum og rekstri**

Kjörnir fulltrúar gæta þess að framkvæmd stjórnarsýslu og rekstur sveitarfélagsins sé ávallt eins og best verður á kosið. Kjörnir fulltrúar aðhafast ekkert það sem getur falið í sér misnotkun á almannafé. Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur fjármálastjórnunar til að tryggja réttmæta og ábyrga meðferð almannafjár.

### **Stöðuveitingar og ráðningar**

Kjörnum fulltrúum ber að gæta þess að við stöðuveitingar hjá Dalvíkurbyggð sé í hvívetna fylgt lögum og reglum og að einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á starfsmönnum.

### **Gjafir og fríðindi**

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki fríðindi, svo sem gjafir, boðsferðir eða önnur hlunnindi frá íbúum og viðskiptamönnum eða þeim er leita eftir þjónustu Dalvíkurbyggðar, þannig að túlka megi sem persónulega þóknun fyrir ákvarðanir á vegum sveitarstjórnar eða nefnda/ráða. Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir, boðsferðir eða hlunnindi ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.

### **Trúnaður og þagnarskylda**

Kjörnir fulltrúar gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum. Kjörnir fulltrúar virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Dalvíkurbyggðar, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggi hann á lögum og málefnalegum rökum.

### **Háttvísi í samskiptum**

Kjörnir fulltrúar viðhafa uppbyggileg og jákvæð samskipti sín á milli og við starfsmenn og íbúa Dalvíkurbyggðar. Þeir koma fram af háttvísi og sýna hver öðrum, íbúum, viðskiptavinum og starfsmönnum sveitarfélagsins fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu. Kjörnum fulltrúum ber að gæta þess að framkoma þeirra og athafnir samrýmist því hlutverki sem þeir gegna.

## **Miðlun siðareglna og innleiðing**

Reglur þessar eru settar með vísan til 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Kjörnir fulltrúar Dalvíkurbyggðar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi í störfum sínum.

Í upphafi nýs kjörtímabils skal sveitarstjórn fjalla um siðareglur kjörinna fulltrúa og eftir atvikum gera á þeim breytingar. Þær skulu síðan kynntar kjörnum fulltrúum í nefndum og ráðum. Skrifstofur Dalvíkurbyggðar kynna siðareglurnar fyrir starfsmönnum og íbúum Dalvíkurbyggðar. Siðareglurnar skulu birtar á vef Dalvíkurbyggðar og sendar ráðherra sveitarstjórnarmála til staðfestingar.

## **Eftirlit með framkvæmd siðareglna.**

Einstaklingum, lögaðilum, starfsmönnum og kjörnum fulltrúum er heimilt að leggja fram í eigin nafni skrifleg og rökstudd erindi um meint brot á siðareglum þessum. Erindum skal beint til byggðaráðs Dalvíkurbyggðar. Ef sá kjörinn fulltrúi sem um ræðir á sæti í byggðaráði skal hann víkja og varamaður tekur sæti hans.

Byggðaráð skal leita skýringa kjörins fulltrúa og frekari upplýsinga hjá honum eftir því sem tilefni er til. Málsmeðferð skal haga í samræmi við meginreglur um óhlutdrægni og vandaða og réttláta málsmeðferð.

Kjörinn fulltrúi sem sakaður er um að hafa brotið siðareglur þessar skal ávallt eiga þess kost, meðan mál hans er til umfjöllunar hjá byggðaráði, að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og upplýsingum.

Kjörnir fulltrúar láta í té, sbr. 2. mgr., upplýsingar við rannsókn á meintum brotum þeirra á reglum þessum.

Rökstutt erindi um brot á siðareglunum má aldrei bitna á sendanda þess. Byggðaráð getur ákveðið að sendandi erindis njóti nafnleyndar ef telja má ljóst að meðferð málsins geti bitnað á honum.

Einstakir kjörnir fulltrúar geta enn fremur, samkvæmt siðareglum þessum, leitað álits byggðaráðs á hátterni sínu.

Byggðaráð lýkur athugun sinni á máli ef frá upphafi er ljóst að erindi gefur ekki nægilegt tilefni til frekari athugunar eða uppfyllir ekki skilyrði siðareglanna. Jafnframt getur byggðaráð lokið athugun sinni á máli ef hún telur að erindið varði meint brot á lagareglum sem hægt er að bera undir úrskurð stjórnvalda eða dómstóla.

Hafi byggðaráð tekið mál til nánari athugunar og fram hafa komið fullnægjandi skýringar eða leiðrétting og brot telst minni háttar lýkur hún málinu með tilkynningu til kjörins fulltrúa.

Málum sem ekki fá lyktir samkvæmt ofangreindu lýkur byggðaráð með því að láta í ljós álit sitt á því hvort athafnir kjörins fulltrúa brjóti í bága við meginreglur um háttarni og háttarnisskyldur hans samkvæmt siðareglum þessum.

Byggðaráð tilkynnir kjörnum fulltrúa um niðurstöðu sína.

Í álitamálum um brot og túlkun á siðareglum þessum getur byggðaráð óskað eftir að siðanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga veiti sitt álit.

*Fyrri umræða fór fram á 347. fundi sveitarstjórnar þann 28.06.2022.*

*Síðari umræða fór fram á 352. fundi sveitarstjórnar þann 29.11.2022 og voru siðareglurnar samþykktar samhljóða með 7 atkvæðum.*

*Staðfest af Innviðaráðuneytinu samkvæmt svarbréfi dagsettu þann 24.01.2023.*